



## *Frá skrifstofu forseta Íslands*

*Við hátíðlega athöfn á Bessastöðum í dag, 1. janúar 2021, sæmdi forseti Íslands 14 Íslendinga heiðursmerki hinnar íslensku fálkaorðu. Þeir eru:*

1. Bernd Ogradnik brúðumeistari, Reykjavík, riddarakross fyrir framlag til brúðuleikhúss og íslenskrar menningar
2. Björn Þór Ólafsson fyrrverandi íþróttakennari, Ólafsfirði, riddarakross fyrir framlag til skíðaíþróttá, félagsmála og menningarlífs í heimabyggð
3. Bryndís Guðmundsdóttir talmeinafræðingur, Reykjanesbæ, riddarakross fyrir störf og fræðslu á sviðum talmeinafræði og táknaáls
4. Halldór Benóný Nellett skipherra, Seltjarnarnesi, riddarakross fyrir forystu á vettvangi landhelgisgæslu og björgunarstarfa
5. Helga Sif Friðjónsdóttir geðhjúkrunarfræðingur, Kópavogi, riddarakross fyrir brautryðjandastörf á vettvangi skaðaminnkunar fyrir fíkniefnaneytendur og aðra jaðarsetta hópa
6. Helgi Ólafsson rafvirkjameistari, Raufarhöfn, riddarakross fyrir framlag til atvinnulífs, lista og menningar í heimabyggð
7. Hrafnhildur Ragnarsdóttir fyrrverandi prófessor, Reykjavík, riddarakross fyrir rannsóknir og miðlun þekkingar um mál og málnotkun, málþroska barna og þróun læsis
8. Jón Atli Benediktsson rektor, Reykjavík, riddarakross fyrir framlag til alþjóðlegra vísinda og nýsköpunar á sviði fjarkönnunar og stafrænnar myndgreiningar og störf í þágu háskólamenntunar
9. Pétur H. Ármannsson arkitekt, Reykjavík, riddarakross fyrir rannsóknir á sögu byggingarlistar á Íslandi og miðlun þekkingar á því sviði
10. Pétur Guðfinnsson fyrrverandi útvarpsstjóri, Reykjavík, riddarakross fyrir forystustörf á vettvangi íslenskra fjölmiðla
11. Sigrún Árnadóttir þýðandi, Reykjavík, riddarakross fyrir þýðingarstörf og framlag til íslenskrar barnamenningar
12. Sigrún Edda Björnsdóttir leikkona, Reykjavík, riddarakross fyrir framlag til íslenskrar leiklistar
13. Vanda Sigurgeirsdóttir lektor og fyrrverandi knattspyrnumaður, Reykjavík, riddarakross fyrir framlag til knattspyrnu kvenna og baráttu gegn einelti
14. Vilborg Ingólfssdóttir hjúkrunar- og lýðheilsufræðingur, Reykjavík, riddarakross fyrir framlag til hjúkrunar og heilbrigðisþjónustu á Íslandi og á alþjóðavettvangi